

1865.

1. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir afgreiðslu pósts í Austur-Skaptafells sýslu. 1865.
4. janúar.

Í bænarskrá, er hingað kom með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 26. októbermán. f. á., hefir Bergur Jónsson, prófastur í Bjarnanesi, sókt um, að fá framvegis árlega þóknun fyrir það, að honum hefir verið á hendur falið að afgreiða póst þann, sem þrisvar sinnum á ári er sendur úr Skaptafells sýslu austur í Suður-Múla sýslu, í líking við það, sem veitt er öðrum, sem afgreiða pósta á Íslandi, án þess þeir hafi neina embættis skyldu til þess að hafa þann starfa á hendi.

Um þetta efni skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það hlutadeiganda, að dómsmálastjórnin, eptir því sem ástatt er, ekki hefir neitt á móti því, að beiðandanum fyrst um sinn sè veitt 4 ríkisdala þóknun á ári í því skyni, sem að ofan er getið, þannig, að þetta sè talið frá 1. janúarmán. 1865, og hefir landfógetanum á Íslandi verið skrifað um að greiða fè þetta úr jarðabókar-sjóði Íslands.

2. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir gæzlu og aðhjúkrun á betrunarhúsfanga. 4. janúar.

Í bréfi dagsettu 7. októbermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, beiðzt úrskurðar dómsmálastjórnarinnar útaf ágreiningi milli yðar og amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um það, úr hvaða sjóði skuli greiða kostnað við gæzlu og aðhjúkrun á Guðlögi Þórðarsyni, betrunarhúsfanga, meðan hann í vetur, er leið, lá veikur í Reykjavík; er kostnaður þessi alls

1865.

4. janúar.

334 rd. 41 sk., og hefir hann verið greiddur fyrirfram úr dómsmálasjóði Íslands; álitíð þér, herra stiptamtmaður, að endurgjalda eigi fé þetta úr jafnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins, en Havstein amtmaður álitur, að það eigi að borgast úr ríkissjóðnum.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að engin heimild er til að láta greiða kostnað þenna úr ríkissjóðnum, heldur verður að borga hann á sama hátt og annan sakamannakostnað.

Amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu hefir í dag verið kunngjörður úrskurður þessi honum til leiðbeiningar.

4. janúar.

3. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um það, hvort greiða beri konungstíund af jörðinni Vöglum í Þingeyjar sýslu.

Með úrskurði þeim, er reikningastjórnardeild konungsríkisins hefir lagt á 9. lið útásetninganna við reikninga Þingeyjar sýslu fyrir árin 1858—60, hefir því verið skotið til atkvæða dómsmálastjórnarinnar, hvort heimta skuli konungstíund af jörðinni Vöglum í Háls hreppi í Þingeyjar sýslu; hefir jörð þessi fyrrum verið opinber eign, en síðan 1815 verið eign einstakra manna. Eptir að beiðzt hafði verið álits yðar, herra amtmaður, um þetta málefni, hafði þér í bréfi dagsettu 19. febrúarmán. f. á. getið þess, að, þó að þér ekki fáið betur sæð, en að tíundarfrelsi það sem jörð þessari bar, meðan hún var opinber eign, hafi hún misst, þegar hún varð eign einstaks manns, þar sem það ekki var tekið fram í skilmálunum, þegar jörðin var seld, að hún eptirleiðis skuli undanþegin tíund, muni það að yðar hyggju ekki vera til neins að halda því fram að heimta konungstíund af jörð þessari, með því að það með hæstaréttardómi frá 16. febrúarmán. 1859 er ákvarðað, að jörðum þeim, sem áður voru eign Hólastóls, beri sama tíundarfrelsi, eptir að þær voru orðnar eign einstakra manna, eins og fyr, og koma má